

SAMKOMULAG

VERÐANDI

Listsjóður

1.gr. Samstarfsaðilar. Sjóðurinn heitir „Verðandi – listsjóður“ og er samstarfsverkefni Akureyrabæjar kt. 410169-6229, Menningarfélags Akureyrar kt. 431014-0330 og Menningarfélagsins Hofs ses. kt. 670409-0740 um styrkveitingar til listafólks.

2. gr. Tilgangur og markmið. Megintilgangur verkefnisins er að styrkja listafólk til að nýta Hof og Samkomuhúsið sem vettvang fyrir listsköpun sína eins og nánar er tilgreint í vinnureglum um styrkina.

Helstu markmið styrkjanna eru að:

- Auðvelda ungu listafólki og þeim sem starfa utan stofnana að nýta sér þá fyrirmyndaraðstöðu sem Hof og Samkomuhúsið bjóða upp á.
- Stuðla að fjölbreytileika í listviðburðum í Hofi og Samkomuhúsinu.
- Nýta þá möguleika sem Hof og Samkomuhúsið bjóða upp á fyrir fjölbreytta viðburði.

Úthlutunarnefnd getur haft frumkvæði að einstökum úthlutunum. Jafnframt er henni heimilt að leggja sérstakar áherslur í styrkveitingum og veita styrki sem renna til verkefna er tengjast ákveðnum tilefnum (s.s. dagskrárröð viðburða eða vegna afmæla skálda).

3. gr. Framlag. Árlegt framlag Akureyrarbæjar til verkefnisins er ákveðið í fjárhagsáætlun stjórnar Akureyrarstofu og er með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar. Árlegt framlag Menningarfélagsins Hofs er ákveðið af aðalfundi félagsins og skv. sérstakri samþykkt þar um. Almennt er m.v. að árlegt framlag til verkefnisins sé fullnýtt á viðkomandi ári.

4. gr. Stjórn. Í úthlutunarnefnd, sitja þrír fulltrúar. Stjórn Akureyrarstofu skipar einn fulltrúa, stjórn Menningarfélagsins Hofs skipar annan og Menningarfélag Akureyrar skipar þann þriðja. Fulltrúi stjórnar Akureyrarstofu er formaður en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum á fyrsta fundi hennar. Æskilegt er að einn til tveir fagaðilar í listastarfi séu tilnefndir í úthlutunarnefnd fyrir hönd þeirra félaga sem þar eiga fulltrúa. Verði fulltrúi ófær um að gegna störfum vegna veikinda eða annarra annmarka eða segir sig frá nefndarstörfum þá skipar viðkomandi aðili nýjan í hans stað. Heimilt er að greiða fulltrúum í úthlutunarnefnd þóknun fyrir fundasetur sem kveðið er á um í vinnureglum sjóðsins sem samstarfsaðilar um sjóðinn og Menningarfélag Akureyrar samþykkja.

5. gr. Starfssvið og skyldur úthlutunarnefndar.

Menningarfélag Akureyrar (MAK) annast utanumhald verkefnisins. Fjárreiðum þess skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri MAK. Fundaþóknun fulltrúa í úthlutunarnefnd, auglýsingakostnaður, fundakostnaður og annar tilfallandi kostnaður er greiddur af árlegu ráðstöfunarfé verkefnisins. Menningarfélag Akureyrar leggur því til starfsmann sem er viðburðastjóri þess. Hann starfar fyrir



úthlutunarnefndina og situr alla fundi með málfrelsi og tillögurétt. Hann boðar fundi í samráði við formann.

Úthlutunarnefnd tekur árlega saman skýrslu um starfsemina og skrá um úthlutanir til styrkhafa. Skýrslan er send og kynnt fyrir stjórn Akureyrarstofu, stjórn Menningarfélagsins Hofs og á aðalfundi Menningarfélags Akureyrar.

6. gr. Úthlutanir. Úthlutunarnefnd úthlutar styrkjum að jafnaði einu sinni á ári samkvæmt vinnureglum um styrkina.

7. gr. Breyting á samkomulagi. Samstarfsaðilar geta hvor um sig óskað eftir endurskoðun á samkomulagi þessu.

8. gr. Gildistími. Samkomulag þetta gildir til ársloka 2020. Fyrir mitt ár það ár taka aðilar samstarfsverkefnisins upp viðræður um mögulegt framhald þess.

Samkomulag þetta er staðfest með undirskriftum þessum:

Akureyri 15. nóvember 2018

f.h. Akureyrarbæjar



Asthildur Sturludóttir, bærarstjóri

f.h. Menningarfélags Akureyrar:



*Þuríður Helga Kristjánsdóttir,
framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar*

f.h. Menningarfélagsins Hofs



Þórleifur Stefán Björnsson, formaður stjórnar MH

VINNUREGLUR 2018-2020

VERÐANDI

Listsjóður – samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, Menningarfélags Akureyrar og Menningarfélagsins Hofs

1. Helstu markmið verkefnisins eru að:
 - a. Auðvelda ungu listafólki og þeim sem standa utan stofnana að nýta sér þá fyrirmyndaraðstöðu sem Hof og Samkomuhúsið bjóða upp á.
 - b. Stuðla að fjölbreytileika í listviðburðum í Hofi og Samkomuhúsinu.
 - c. Nýta þá möguleika sem Hof og Samkomuhúsið bjóða upp á fyrir fjölbreytta viðburði.
2. Samkvæmt samkomulagi um verkefnið er heimilt að greiða fulltrúum í úthlutunarnefnd þóknun fyrir fundasetur. Skal þá miðað við reglur Akureyrarbæjar um greiðslur fyrir setu í minni vinnuhópum.
3. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum eigi síðar en febrúar ár hvert og skal afgreiðslu umsókna lokið eigi síðar en um miðjan apríl sama ár. Markmiðið er að viðburðir sem hljóta styrk geti orðið sýnilegir í menningarframboði komandi starfsárs Menningarfélags Akureyrar. Tryggja skal að auglýsingar og umfjöllun um umsóknarferlið séu áberandi og skulu m.a. birtast á heimasíðum Akureyrarbæjar og Menningarfélags Akureyrar. Haldin skal sérstakur viðburður þegar úthlutanir fara fram.

Á árinu 2018 verður auglýst eftir umsóknum í nóvember fyrir yfirstandandi starfsár.

4. Umsækjendur geta verið einstaklingar eða hópar sem hyggjast vera með listviðburð í Hofi eða Samkomuhúsinu.
5. Umsækjendur sækja um með rafrænum hætti í gegnum mak.is. Í umsókninni skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, kostnaðaráætlun, ferilskrá helstu þátttakenda, óskatími til sýninga eða flutnings, ásamt óskastaðsetningu.
6. Í fjárhagsáætlun umsóknar skal þess getið um hvaða styrki aðra hefur verið sótt vegna verkefnis, eða ráðgert er að sækja um, á þeim tímapunkti sem umsóknin er gerð. Úthlutunarnefndin lítur það jákvæðum augum að verkefni hljóti einnig styrkveitingu annars staðar frá.
7. Litið verður til eftirtalinna atriða við afgreiðslu umsókna:
 - a. Að verkefnið henti og nýti möguleika Hofs eða Samkomuhússins.
 - b. Að verkefnið hafi möguleika á að höfða til nýrra áheyrendahópa.
 - c. Að umsókn verkefnisins sýni fram á að hér sé á ferð bæði metnaðarfullt og framkvæmanlegt verkefni.
 - d. Að verkefnið ýti undir fjölbreytt listalíf í Hofi og Samkomuhúsinu.
 - e. Að verkefni frá listafólki sem hafa skýra tengingu við Akureyri og nágrenni njóti alla jafna forgangs.
8. Styrkur til verkefnis gengur til kostnaðar vegna afnota af salarkynnum, grunntækniþúnaði, tækniþjónustu og auglýsingu í ljósakassa á Hofi. Styrkþegi semur um tímasetningu við Menningarfélag Akureyrar. Gerður skal skriflegur samningur um styrkinn. Ágóði af

Útgáfa við undirskrif samkomulags 15. nóvember 2018



viðburðinum að frádregnum kostnaði umfram styrkuppþæð og miðasöluþóknun er greiddur styrkþega skv. gildandi samningi milli Menningarfélags Akureyrar og styrkþega. Styrkþegi skal skila inn stuttri greinargerð um verkefnið en greiðsla fer ekki fram fyrr en eftir að henni hefur verið skilað. Sjóðurinn skal ekki hafa tekjur af neinu þeirra verkefna sem hljóta styrk og ber ekki fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem styrk hljóta.

9. Hámarksstyrkur til hvers verkefnis við hverja úthlutun er að andvirði leigu fyrir Hamraborg ásamt lágmarkstæknibúnaði skv. verðskrá Menningarfélags Akureyrar. Umrædd styrkuppþæð er hámark, en ekki endilega viðmið við styrkúthlutanir.
10. Styrkþegi skal geta þess í kynningu sinni á verkefninu, þar með talið í fréttatilkynningu, í viðtölum, á prentefni og á samfélagsmiðlum eins og mögulegt er, að verkefnið sé styrkt af sjóðnum, auk þess að hafa kennimerki sjóðsins sýnilegt þar sem það á við.
11. Við úthlutun og þegar tilkynnt er um úthlutanir, skal ávallt nafngreina þá sem að honum standa: Menningarfélag Akureyrar, Akureyrarbær og Menningarfélagið Hof. Úthlutanir skulu fara fram á opinberum vettvangi.
12. Úthlutunarnefnd áskilur sér rétt til að afturkalla styrkveitingu ef hún metur það sem svo að tvísýnt sé um framvindu verkefnisins, eða að ljóst þyki að ekki verði af viðburðinum.
13. Úthlutunarnefndin veitir ekki rökstuðning fyrir afgreiðslu umsókna.